*Alþingi*
*Erindi nr.* Þ/132/1987
*komudagur* 2.5.2006

SMÁÍS

SMÁÍS - Samtök Myndrétthafa á Íslandi
Laugavegi 182
105 Reykjavik • Iceland
+354 588 3800
smais@smais.is / www.smais.is

Menntamálanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavik

2. maí 2006

**EFNI: UMSÖGN VEGNA FRUMVARPS TIL LAGA UM EFTIRLIT MEÐ AÐGANGI BARNA AÐ KVIKMYNDUM OG TÖLVULEIKJUM (695. mál - 132. löggjafarþing)**

SMÁÍS hefur fengið til umsagnar frumvarp um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum. SMÁÍS hefur til margra ára barist fyrir því að skoðun kvikmynda fari úr höndum ríkisins og að ábyrgðin sé sett í hendur ábyrgðaraðila sem gefa út, dreifa og/eða selja efnið. Áhersla hefur verið lögð á að aðild hins opinbera eigi eingöngu að felast í að hafa eftirlit með að lögum sé framfylgt.

Við höfum farið yfir frumvarpið og höfum engar einstakar athugasemdir fram að færa við það enda samræmist það hugmyndum samtakanna um ábyrgð markaðarins. Einstakir félagsmenn samtakanna hafir sumir hverjir fengið sama frumvarp til umsagnar og munu þeir svara því sérstaklega.

SMÁÍS (Samtök Myndrétthafa á Íslandi) voru stofnuð 1992 til að vera hagsmunagæsluaðili rétthafa myndefnis á Íslandi og hafa ýmis hagsmunarmál rétthafa á sínum snærum. Félagsmenn samtakanna hafa rétt til dreifingar á yfirgnæfandi hluta kvikmynda- og sjónvarpsefnis og tölvuleikja sem eru á íslenskum markaði. Félagsmenn eru kvikmyndahús, helstu útgefendur kvikmynda- og sjónvarpsefnis, sjónvarpsstöðvar og helstu dreifingaraðilar tölvuleikja.

Virðingarfyllst,

Hallgrímur Kristinsson
framkvæmdastjóri